

# LANDSSAMBAND HESTAMANNAFÉLAGA

BÆNDAHÖLL • 107 REYKJAVÍK • SÍMAR 91-29899, 630325, 630300 • KT. 710169-3579



Stofnað 1949

6. fundur stjórnar L.H. haldinn fimmtudaginn 4. maí 1995 í Bændahöll.

Mættir: Guðmundur Jónsson, Guðbrandur Kjartansson, Sigfús Guðmundsson, Jón Bergsson, Sigbjörn Björnsson, Kristján Auðunsson, Ágúst Oddsson, Sigurgeir Bárðarson, Sigurður Þórhallsson og Halldór Gunnarsson.

Formaður setti fund kl. 17:20.

## 1. Bréf sánska íslandshestafélagsins.

Afrit af opnu bréfi til Hinriks Bragasonar venga "Gýmismálsins" þar sem þeir lýsa hann í keppnisbanni uns annað er ákveðið. Guðmundur upplýsti að hann hefði engar nýjar fregnir af "Gýmismálínus".

Stjórnin telur seinagang í dómskerfinu íslenska afar óheppilegan hvað þetta mál varðar.

## 2. Fjórðungsmót Austfirðinga 1995.

Jón Bergsson taldi að allt miðaði í rétta átt hvað undirbúning varðaði en hann er í höndum hestamannafélagsins Hornfirðings.

## 3. Formannafundur hestamannafélaga.

Eins og kunnugt er boðar stjórn L.H. til formannafundar hestamannaflaganna 5. maí n.k.

Á ársþingi L.H. á Hvolsvelli í október 1994 var samþykkt svohljóðandi ályktun:

"Ársþingið þakkar vinnu sem fram kemur í áfangaskýrslu skipuritsnefndar. Þingið telur rétt að þessari vinnu sé fram haldið og nánari útfærsla sé send hestamannafélögnum fyrir áramót. Boðað verði síðar til formannafundar á útmánuðum og þar tekin ákvörðun um framkvæmd málsins".

Formönum félaganna var sent fundarboð 11. apríl s.l. ásamt áfangaskýrslu skipuritsnefndar. Í bréfinu er óskað eftir að skýrslan verði kynnt í félögnum og formenn komi undirbúnir á formannafundinn. Fram kom í umræðum að í skipuritsskýrsluna vantaði samantekt á kostum og göllum þess að sameina L.H. og HÍS. Guðbrandur gerði grein fyrir helstu kostum og göllum sameiningar og dreifði fjörlituðum blöðum, með samantekt á þessum þáttum. Hann taldi sameiningu ekki tímabæra eins og mál standa nú, en lagði áherslu á, aukna samvinnu L.H. og HÍS um ákveðna málaflokka.

Kristján Auðunsson taldi í umfjöllun sinni um sameiningu rétt á sér þ.e.a.s. að hestamenn séu betur komnir innan ÍSÍ en utan. Fram kom í umræðum að ýmislegt mælir með og móti sameiningu. Löng umræða varð um skipuritsskýrsluna og hvert stefna ber í sameiningu L.H. og HÍS.

Stjórn L.H. telur eðlilegt að formannafundurinn leggi mat á þetta mál og það verði síðan lagt fyrir ársþingið í haust með formlegum hætti.

#### 4. **Landsmótsúmræða.**

Formaður gerði grein fyrir málum. Fyrrnefndur formannafundur (á morgun 5.5.) mun fjalla um þær hugmyndir að fjölgum landsmótum þ.e. að halda þau á tveggja ára fresti í stað fjögurra. Sígbjörn gerði grein fyrir samantekt á svörum sem honum bárust varðandi fjölgun landsmóta. Sígbjörn hafði sent 70 aðilum bréf fyrir hönd mótanefndar L.H. þar sem óskað er umsagnar um fjölgun landsmóta þar sem settir væru fram kostir og gallar. 21 svar barst. Gerð verður grein fyrir þessum niðurstöðum á formannafundinum.

#### 5. **Fjórðungsmót 1996.**

Ákveðið var að stjórn L.H. boði til fundar með sunnlensku hestamanna-félögnum 15. maí n.k. vegna FM'96. Gert er ráð fyrir að stjórnarmenn hér syðra mæti eftir því sem aðstæður leyfa.

#### 6. **Staðarval landsmóts 1998.**

Formaður hóf umræðu um staðarval. Mál þetta hefur áður komið inn á borð stjórnar. Halldór lagði fram tillögu að því hvernig hugsanlega mætti setja upp ferli sem leiðir til loka niðurstöðu er varðar staðarvalið. Tillagan var rædd en engin ákvörðun tekin um það nákvæmlega hvernig gengið verður til verks.

Ákveðið var að bæði Vindheimamelar og Melgerðismelar verði skoðaðir við fyrstu hentugleika. Jafnframt verði fundur haldinn með eigendum svæðanna. Stjórnin felur framkvæmdastjóra að afla upplýsinga frá eigendum beggja svæðanna hvað varðar núverandi ástand og fyrirhugaðar framkvæmdir og uppbyggingu. Þá var rætt um að leiguverð fyrir svæðin lægju frammi hjá stjórn áður en staðarval verður endanlega ákveðið.

#### 7. **Æskulýðsmál.**

Formaður kynnti bréf frá Eva Maríu Gerlach æskulýðsfulltrúa FEIF. Eva fer fram á styrk frá L.H. vegna æskulýðsmóts í Luxemburg, sem haldið verður í lok júlí í sumar. Þá biður Eva jafnframt um verðlaunagrip í töltkeppni og 5 verðlaunapeninga í sömu keppni. Stjórnin samþykkt að styrkja æskulýðsmótið með 500 mörkum og gefa þau verðlaun sem nefnd eru hér að ofan.

#### 8. **Bréf frá Félagi tamningamanna.**

Formaður kynnti bréf frá Félagi tamningamanna til Ingibjargar Magnúsdóttur. Félagið er að óska eftir því að Ingibjörg taki að sér vinnu (skrifstofuvinnu) fyrir Félag tamningamanna með starfi sínu hjá L.H. Guðmundur og Sigrús munu ræða við félagið og Ingibjörgu varðandi þetta mál.

**9. Húsdýragarðurinn.**

Sigurður greindi frá samstarfssamningi milli Upplýsingaþjónustu landbúnaðarins og Húsdýragarðsins í Laugardal varðandi kynningu í garðinum á ýmsum þáttum ísl. landbúnaðar.

L.H. hefur lofað aðstoð við kynningu á hestamennsku á sérstökum uppákomum tvær til þrjár helgar í Húsdýragarðinum í sumar.

Æskulýðsnefnd mun skoða þetta ásamt skrifstofu í samstarfi við upplýsingaþjónustuna. Framlag L.H. mun ekki leiða til neinna fjárláta frá L.H.

**10. Bréf K.A.M. v. kvíkmyndagerðar.**

Formaður kynnti bréf frá K.A.M. Film/Video - Konráð Gylfasyni. Í bréfinu er sett fram ósk um stuðning við gerð heimildarmyndar um íslenska hestinn. Stjórnin felur framkvæmdastjóra að svara bréfinu með þeim upplýsingum að stjórn L.H. sjái sér ekki fært að verða við styrkbeiðninni.

**11. Dómaranámskeið á Egilsstöðum.**

Haldið var dómaranámskeið 28.-30. apríl s.l. Þátttaka varð of lítil m.a. vegna þess að Hornfirðingar mættu ekki.

Fleira ekki fært til bókar.

Fundi slitið kl. 21:35.

Halldór Gunnarsson

Guðbrandur Kjartansson

Sigbjörn Björnsson

Sigurgeir Bárðarson

Jón Bergsson.

Guðmundur Jónsson

Kristján Auðunsson

Kristmundur Halldórsson

Águst Oddsson